



12. maí 2010

SI-63141

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.), 569. mál.


Með tölvupósti dags. 28. apríl 2010, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að tilgangur þess sé fyrst og fremst að styrkja minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Þá segir m.a. einnig að þar að auki sé bætt við ákvæðum um breytingu á reglum um starfskjör stjórnar og æðstu stjórnenda í hlutafélögum og einkahlutafélögum á grundvelli nýrra EES-tilmæla, ákvæðum um einfaldari leiðir varðandi undanþágu frá innköllunarskyldu við lækun hlutafjár í hlutafélögum og einkahlutafélögum og fleiri atriði til einföldunar við undanþágur varðandi m.a. heimilisfesti stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og útibússtjóra, svo og ákvæðum um tryggingu fyrir kostnaði vegna rannsóknar á hlutafélögum og einkahlutafélögum. Þá segir einnig í athugasemdunum m.a. að þar að auki sé gert ráð fyrir þrengingu ákvæða varðandi sölu og kaup á eigin hlutum með tilliti til hæstaréttardóma nr. 228/2009 (Glitnir) og 350/2009 (Straumur-Burðarás).

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og styður samþykkt þess.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur